

## Leiðbeiningar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu

Í aðalskipulagi þeirra sveitarfélaga sem ná inn á miðhálandið þarf að útfæra þá stefnu sem fyrir liggur í staðfestu Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015. Í svæðisskipulaginu er landnotkun skilgreind með nokkuð öðrum hætti en almennt gerist í aðal- og svæðisskipulagi og gert er ráð fyrir í skipulagsreglugerð. Því var talin þörf á að setja fram leiðbeiningar um útfærslu landnotkunarákvarðana svæðisskipulagsins yfir í aðalskipulag. Eftirfarandi leiðbeiningar hafa verið teknar saman af Skipulagsstofnun og samþykktar af samvinnunefnd miðhálandis 13. mars 2001 með breytingu samþykkttri 24. júlí 2002 varðandi skilgreiningu skálasvæða og fjallaselja.

Að neðan er hver landnotkunarflokkur í svæðisskipulaginu tekinn fyrir og farið yfir hvaða landnotkunarflokkar samkvæmt skipulagsreglugerð geti talist vera samsvarandi eða í samræmi við flokka svæðisskipulagsins, en við gerð aðalskipulags skal taka mið af landnotkunarflokkum eins og þeir eru skilgreindir í 4. kafla skipulagsreglugerðar.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI**

- Varðandi landnotkun á náttúruverndarsvæðum skal taka mið af almennum sjónarmiðum um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“ við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins.  
*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*
- **Efnistökusvæði** (sbr. kafla 4.7 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi getur í undantekningartilfellum verið unnt að gera ráð fyrir efnistökusvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Staðsetning og umfang efnistökusvæða verður þá að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“.
- **Svæði fyrir frístundabyggð** (sbr. kafla 4.11 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi getur í undantekningartilfellum verið ástæða til að gera ráð fyrir reitum fyrir frístundabyggð (fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli) á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Sjá í þessu sambandi stefnu svæðisskipulagsins um „fjallasel“ og „önnur mannvirki“. Staðsetning slíkra reita verður að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“.
- **Opin svæði til sérstakra nota** (sbr. kafla 4.12 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir opnum svæðum til sérstakra nota á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Ákvarðanir um umfang og staðsetningu mannvirkja á slíkum svæðum verða þó að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“.
- **Óbyggð svæði** (sbr. kafla 4.13 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir óbyggðum svæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Landbúnaðarsvæði** (sbr. kafla 4.14 í skipulagsreglugerð).

Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir landbúnaðarsvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Ákvarðanir um umfang og staðsetningu mannvirkja á slíkum svæðum verða þó að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“.

- **Hverfisverndarsvæði** (sbr. kafla 4.22 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að setja fram stefnu og skilyrði varðandi verndun tiltekinna svæða. Þá eru þau afmörkuð sem hverfisverndarsvæði. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis njóta skulu forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.  
Unnt er að hverfisvernda í aðalskipulagi þau svæði sem skilgreind eru sem „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu og tilgreina þar hvaða reglur skuli gilda um verndun og mannvirkjagerð á svæðunum.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **ALMENN VERNDARSVÆÐI**

- Varðandi landnotkun á almennum verndarsvæðum skal taka mið af almennum sjónarmiðum um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“ við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Sjá að framan um „náttúruverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Svigrúm til framkvæmda og mannvirkjagerðar verður að teljast vera meira á „almennum verndarsvæðum“ heldur en á „náttúruverndarsvæðum“ samkvæmt svæðisskipulaginu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **FRÍÐLÝST SVÆÐI SAMKVÆMT NÁTTÚRUVERNDARLÖGUM**

- Svæði sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Náttúruverndarsvæði, friðlýst svæði** (sbr. kafla 4.19 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ**

- Svæði skráð í Náttúruminjaskrá, 7. útgáfu frá 1996.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá** (sbr. kafla 4.19 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**VATNSVERNDARSVÆÐI**

- Kortlagning vatnsríkra svæða. Ekki er skilgreint hvaða takmarkanir á landnotkun eigi við á eða nærri vatnsverndarsvæðum utan að tekið sé mið af almennum sjónarmiðum um að standa vörð um að auðlindinni verði ekki spillt og að tryggja sem best möguleika á nýtingu vatns í framtíðinni við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Efnistökusvæði** (sbr. kafla 4.7 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi getur í undantekningartilfellum verið unnt að gera ráð fyrir efnistökusvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „vatnsverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Staðsetning og umfang efnistökusvæða verður þá að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „vatnsverndarsvæði“.
- **Svæði fyrir frístundabyggð** (sbr. kafla 4.11 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi getur í undantekningartilfellum verið ástæða til að gera ráð fyrir reitum fyrir frístundabyggð (fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli) á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „vatnsverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Sjá í þessu sambandi stefnu svæðisskipulagsins um „fjallasel“ og „önnur mannvirki“. Staðsetning slíkra reita verður að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „vatnsverndarsvæði“.
- **Opin svæði til sérstakra nota** (sbr. kafla 4.12 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir opnum svæðum til sérstakra nota á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „vatnsverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Ákvarðanir um umfang og staðsetningu mannvirkjagerðar á slíkum svæðum verða þó að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „vatnsverndarsvæði“.
- **Óbyggð svæði** (sbr. kafla 4.13 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir óbyggðum svæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „vatnsverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Landbúnaðarsvæði** (sbr. kafla 4.14 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir landbúnaðarsvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „vatnsverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu. Ákvarðanir um umfang og staðsetningu mannvirkjagerðar á slíkum svæðum verða þó að taka mið af almennum sjónarmiðum í svæðisskipulaginu um „vatnsverndarsvæði“.
- **Vatnsverndarsvæði** (sbr. kafla 4.21 í skipulagsreglugerð).  
Ef fyrirhugað er að marka stefnu um vatnsvernd á miðhálandinu í aðalskipulagi, annaðhvort á þeim svæðum sem skilgreind hafa verið sem „vatnsverndarsvæði“ í svæðisskipulaginu og/eða á öðrum svæðum þarf að auðkenna þau svæði og gera grein fyrir þeim sem og hvernig þau flokkast m.t.t. vatnsverndar og hvaða takmarkanir eru á landnotkun og mannvirkjagerð á þeim.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**FRÍÐLÝSTAR FORNMINJAR**

- Kortlagning minja sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Þjóðminjaverndarsvæði** (sbr. kafla 4.20 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **MERKAR MINJAR**

• Kortlagning minja sem skuli njóta verndar í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga. *Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Sjá að framan um „friðlýstar fornminjar“ í svæðisskipulaginu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **NÚVERANDI LANDGRÆÐSLUSVÆÐI**

- Afmörkun landgræðslusvæða á skipulagsupprætti sýnir þau svæði þar sem unnið er að stöðvun jarðvegsrofs eða landbótum. Landgræðsluaðgerðir eru ekki bundnar við þessi svæði öðrum fremur á skipulagstímabilinu.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Óbyggð svæði** (sbr. kafla 4.13 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir óbyggðum svæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „núverandi landgræðslusvæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Landbúnaðarsvæði** (sbr. kafla 4.14 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir landbúnaðarsvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „núverandi landgræðslusvæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Hverfisverndarsvæði** (sbr. kafla 4.22 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að setja fram stefnu og skilyrði varðandi verndun tiltekinna svæða. Þá eru þau afmörkuð sem hverfisverndarsvæði. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis njóta skulu forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **BEITARFRÍÐUD SVÆÐI**

- Á skipulagsupprætti eru afmörkuð svæði sem eru friðuð fyrir beit. Beitarfriðun er ekki bundin við þessi svæði öðrum fremur á skipulagstímabilinu.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Sjá að framan um „náttúruverndarsvæði“, „almenn verndarsvæði“ og „núverandi landgræðslusvæði“ í svæðisskipulaginu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **ÖNNUR SVÆÐI**

- Ekki er skilgreint hvaða landnotkun eigi við á öðrum svæðum. Við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins skal taka mið af almennum sjónarmiðum um að önnur svæði komi öðrum fremur til álita fyrir mannvirkjagerð.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Efnistökusvæði** (sbr. kafla 4.7 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir efnistökusvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „önnur svæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Svæði fyrir frístundabyggð** (sbr. kafla 4.11 í skipulagsreglugerð).

Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir reitum fyrir frístundabyggð (fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli) á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „önnur svæði“ í svæðisskipulaginu. Sjá í þessu sambandi stefnu svæðisskipulagsins um „fjallasel“ og „önnur mannvirki“.

- **Opin svæði til sérstakra nota** (sbr. kafla 4.12 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir opnum svæðum til sérstakra nota á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „önnur svæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Óbyggð svæði** (sbr. kafla 4.13 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir óbyggðum svæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „önnur svæði“ í svæðisskipulaginu.
- **Landbúnaðarsvæði** (sbr. kafla 4.14 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi er unnt að gera ráð fyrir landbúnaðarsvæðum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem „önnur svæði“ í svæðisskipulaginu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **NÚVERANDI ORKUVINNSLUSVÆÐI**

- Kortlagning svæða þar sem til staðar eru vatnsaflsvirkjanir og áfram er gert ráð fyrir þeirri landnotkun á skipulagstímabilinu.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Iðnaðarsvæði** (sbr. kafla 4.7 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um orkuvinnslusvæði, s.s. nánar um staðsetningu og afmörkun orkuvinnslusvæða og nánari fyriræli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **FYRIRHUGUÐ ORKUVINNSLUSVÆÐI**

- Afmörkun allra fyrirhugaðra orkuvinnslusvæða vatnsaflsvirkjana sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Sjá að framan um „núverandi orkuvinnslusvæði“ í svæðisskipulaginu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **NÚVERANDI HÁSPENNULÍNUR 132-220 kV**

- Kortlagning háspennulína, með 132 og 220 kv spennu, sem eru til staðar og áfram er gert ráð fyrir á skipulagstímabilinu.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Veitur** (sbr. kafla 4.17 í skipulagsreglugerð)
  - **Rafveita.** Í aðalskipulagi þarf að ákveða legu allra háspennulína á miðhálandinu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

#### **FYRIRHUGAÐAR HÁSPENNULÍNUR**

- Á skipulagsupprætti eru auðkenndar allar fyrirhugaðar 132 kv, 220 kv og 400 kv háspennulínur sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Sjá að framan um „núverandi háspennulínur 132-200 kV“ í svæðisskipulaginu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **JADARMÍÐSTÖÐVAR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndar allar núverandi og fyrirhugaðar jaðarmiðstöðvar sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.
- Jaðarmiðstöðvar: Þjónustumiðstöðvar á jaðarsvæðum Miðhálandis og efst í byggð við meginleiðir inn á hálendið. Staðir í góðu vegasambandi við þjóðvegi og/eða aðalfjallvegi með möguleika á starfrækslu ferðapjónustu allt árið. Alhliða þjónusta ...

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Miðsvæði/verslunar- og þjónustusvæði** (sbr. kafla 4.4 og 4.5 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um jaðarmiðstöðvar, s.s. nánar um staðsetningu og afmörkun svæða fyrir jaðarmiðstöðvar og nánari fyrirmæli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **HÁLENDISMIÐSTÖÐVAR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndar allar núverandi og fyrirhugaðar hálendismiðstöðvar sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.
- Þjónustumiðstöðvar við aðalfjallvegi hálendisins í samfelldum rekstri að lágmarki 2 mánuði á ári. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þjónustu við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skíðafólk. ...

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Miðsvæði/verslunar- og þjónustusvæði** (sbr. kafla 4.4 og 4.5 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um hálendismiðstöðvar, s.s. nánar um staðsetningu og afmörkun svæða fyrir hálendismiðstöðvar og nánari fyrirmæli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **SKÁLAR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkennd öll núverandi og fyrirhuguð skálasvæði sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.
- Staðir í góðu vegasambandi en þjónusta er minni en á hálendismiðstöðvum. Gistiskálar sem þjóna breiðum hópi ferðafólks ... mörg þessara húsa eru jafnframt gangnamannahús.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Miðsvæði/verslunar- og þjónustusvæði** (sbr. kafla 4.4 og 4.5 í skipulagsreglugerð).  
Í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um skálasvæði, s.s. nánar um staðsetningu og afmörkun skálasvæða og nánari fyrirmæli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **FJALLASEL**

- Á skipulagsupprætti er kortlögð staðsetning fjallaselja. Afmörkun fjallaselja á skipulagsupprætti er þó ekki tæmandi fyrir staðsetningu allra fjallaselja sem samræmt geta stefnumörkun svæðisskipulagsins. Við megingönguleiðir er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins unnt að heimila gönguskála með millibili sem tekur mið af þægilegum dagleiðum göngufólks, enda samræmist það almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokk.
- Hús í takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, einkaskálar, veiðihús og gangnamannahús.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Ákvarðanir um „fjallasel“ falli undir ákvarðanir um svæði fyrir frístundabyggð, landbúnaðarsvæði, opin svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **ÖNNUR MANNVIRKI**

- Á skipulagsupprætti eru kortlögð núverandi mannvirki sem falla í flokk annarra mannvirkja skv. skilgreiningu svæðisskipulagsins. Staðfest stefna svæðisskipulagsins varðandi hús SVFÍ og annarra björgunarfélaga og endurvarpsstöðvar er sambærileg við stefnu svæðisskipulagsins varðandi fjallasel og viðbótarmannvirki vegna hefðbundinna nytja, þ.e. að ákvarðanir um staðsetningu nýrra húsa SVFÍ/björgunarfélaga og nýrra endurvarpsstöðva taki mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokk. Ný viðbótarmannvirki vegna beitar- eða veiðinytja, þ.e. gangnamannahús og veiðihús og nauðsynlegir vegir eða slóðar vegna þeirra, geta samrýmst stefnu svæðisskipulagsins þar sem þeirra er talin þörf. Ákvarðanir um staðsetningu þeirra þurfa að taka mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokk.
- Ný hesthús meðfram helstu reiðleiðum geta samrýmst stefnu svæðisskipulagsins. Ákvarðanir um staðsetningu þeirra þurfa að taka mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokk.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- Ákvarðanir um „önnur mannvirki“ falli undir ákvarðanir um svæði fyrir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota og landbúnaðarsvæði.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

### **STOFNVEGIR OG TENGIVEGIR**

- Staðfest lega þjóðvegakerfis láglandis þar sem það fer inn á skipulagssvæðið.

*Svigrúm til landnotkunarákvarðana í aðalskipulagi:*

- **Samgöngur** (sbr. kafla 4.16 í skipulagsreglugerð)
  - **Stofn- og tengivegir.**

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**AÐALFJALLVEGIR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndir allir núverandi og fyrirhugaðir aðalfjallvegir sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Samgöngur** (sbr. kafla 4.16 í skipulagsreglugerð)
  - **Aðalfjallvegir.**

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**FJALLVEGIR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndir allir núverandi og fyrirhugaðir fjallvegir sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Samgöngur** (sbr. kafla 4.16 í skipulagsreglugerð)
  - **Fjallvegir.**

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**EINKAVEGIR OG AÐRAR ÖKULEIÐIR**

- Á skipulagsuppdrætti er kortlögð lega núverandi einkavega og annarra ökuleiða. Afmörkun einkavega og annarra ökuleiða á skipulagsuppdrætti er ekki tæmandi fyrir alla slíka vegi sem samræmst geta stefnumörkun svæðisskipulagsins. Ákvarðanir um legu nýrra einkavega og annarra ökuleiða tengist ákvörðunum um ný mannvirki sem falla undir flokk annarra mannvirkja, sjá að ofan.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- Ákvarðanir um „einkavegi og aðrar ökuleiðir“ falli undir almenn ákvæði um framkvæmdir og mannvirkjagerð á svæðum fyrir frístundabyggð, opnum svæðum til sérstakra nota og landbúnaðarsvæðum.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**FLUGVELLIR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndir allir núverandi og fyrirhugaðir flugvellir sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Samgöngur** (sbr. kafla 4.16 í skipulagsreglugerð)
  - **Flugvellir.** Allir flugvellir.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**HELSTU REIÐLEIÐIR**

- Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndar helstu reiðleiðir milli byggðarlaga og þjónustustaða hestamanna.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Samgöngur** (sbr. kafla 4.16 í skipulagsreglugerð)
  - **Reiðleiðir.** Í aðalskipulagi þarf að ákveða allar megin reiðleiðir á miðhálandinu.

*Landnotkun samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015:*

**MEGIN GÖNGULEIÐIR**

- Á skipulagsupprætti eru auðkenndar megingönguleiðir milli byggðarlaga og þjónustustaða ferðamanna.

*Svigrúm til landnotkunarákvæðana í aðalskipulagi:*

- **Samgöngur** (sbr. kafla 4.16 í skipulagsreglugerð)
  - **Gönguleiðir**. Í aðalskipulagi þarf að ákveða allar megin gönguleiðir á miðhálandinu.

**ANNAÐ**

Huga þarf að eftirtöldum flokkum sem skilgreindir eru í 4. kafla skipulagsreglugerðar:

- **Vötn, ár og sjór** (sbr. kafla 4.15 í skipulagsreglugerð).
- **Svæði undir náttúruvá** (sbr. kafla 4.18 í skipulagsreglugerð).

Eftirtaldir landnotkunarflokkar sem skilgreindir eru í 4. kafla skipulagsreglugerðar geta ekki samrýmst stefnumörkun Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015 eða eiga ekki við á miðhálandinu af öðrum ástæðum:

- **Íbúðarsvæði** (sbr. kafla 4.2 í skipulagsreglugerð).
- **Svæði fyrir þjónustustofnanir** (sbr. kafla 4.3 í skipulagsreglugerð).
- **Athafnasvæði** (sbr. kafla 4.6 í skipulagsreglugerð).
- **Hafnarsvæði** (sbr. kafla 4.8 í skipulagsreglugerð).
- **Sorpförgunarsvæði** (sbr. kafla 4.10 í skipulagsreglugerð).